

*Kristín Huld Sigurðardóttir fv. forstöðumaður Minjastofnunar Íslands
Hávallagötu 33
101 Reykjavík*

Reykjavík, 17.maí 2024

*154. löggjafarþing 2023-2024.
Þingskjal 1388 – 941 mál.
Stjórnartillaga
Frá menningar- og viðskiptaráðherra*

Tillaga til þingsályktunar um eflingu og uppbyggingu sögustaða

Þingsályktunartillögu um eflingu og uppbyggingu sögustaða landsins ber að fagna. Um að ræða málaflökk og verkefni sem falla undir Minjastofnun Íslands, sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2012, það er því sérstakt að stofnunin er hvergi nefnd í þingsályktunartillögunni. Sögustaðir, jafnt þeir sem tengjast ótilgreindum sögum og sögnum, sem eiginlegir minjastaðir, teljast til fornminja. Þeir njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands (lög nr. 80/2012, 3. gr.).

Í lok árs 2021 var Minjastofnun Íslands flutt úr mennta- og menningarmálaráðuneyti til umhverfis-orku- og loftlagsráðuneytis. Af þeim sökum er ástæða til að vera hugsí yfir þeirri staðreynd að ráðherra sem fer ekki með málefni menningarminja er að leggja fram þingsályktunartillögu um málaflökk sem fellur sem stendur undir annað ráðuneyti. Nema að það sé til vitnis um að málefni minjaverndar á Íslandi verði flutt aftur í ráðuneyti menningarmála, þar sem málaflökkurinn á sannarlega heima meðal annarra menningarstofnana.

Það var vond ákvörðun að flytja Minjastofnun Íslands yfir í umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneyti þegar ríkisstjórnin tók við árið 2021. Í stað þess styrkja minjaverndina og gera henni við það m.a. kleift að vinna betur með fólki í héraði við uppbyggingu á sögustöðum, minjarannsóknum og miðlunarverkefnum, eru yfirvöld að minnka vægi minjaverndar á Íslandi, með því að leggja stofnunina niður sem sjálfstæða stofnun og breyta verkefnum hennar þannig að hún starfi fyrst og fremst í þágu þjóðgarða og náttúruverndar.

Vera má að þessi fyrirhugaða þróun valdi því að áfangastaðastofur virðast fá aukið hlutverk í þingsályktunartillögunni við að koma með tillögur um sögustaði í héraði sem stefnt er að því að byggja upp í þágu menningarferðaþjónustu. Verkefnin sem þær eða aðrir aðilar virðast eiga að fá, þ.e. standa vörð um staðinn og þá sögu sem hann hefur að segja og miðla henni til komandi kynslóða eru allt verkefni sem falla undir stjórnarsýslu Minjastofnunar Íslands.

Þingsályktunartillagan er að fara í öllu inn á verksvið Minjastofnunar Íslands og ekki fæst betur séð en að verið sé að færa sérhæfð minjaverkefni í hendur aðila sem ekki fæst séð að hafi neina

sérþekkingu á málaflokknum. Hvatt er til þess að þingsályktunartillagan verði endurhugsuð og aðkoma Minjastofnunar Íslands verði tryggð ef unnið verður áfram með hana.